

Ár 2013, fimmtudaginn 4. apríl, kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Róbert Hlöðversson í forföllum Jóhönnu Ýrar Jóhannsdóttur.

Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

### **1. Bréf sem borist hafa frá:**

#### **1.1. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. 26. mars 2013**

Í bréfinu eru tilkynnt um arðgreiðslu vegna góðrar afkomu ársins 2012. Greiðslan til Hveragerðisbæjar nemur kr. 3.916.800,- .

Lagt fram til kynningar

#### **1.2. Aage V. Michelsen frá 2. apríl 2013**

Í bréfinu bendir bréfitari á nokkur atriði sem betur mættu fara í samgöngu- og umhverfismálum í Hveragerði.

Bæjarráð þakkar góðar ábendingar sem tekið verður tillit til eins og kostur er við framkvæmdir sumarsins. Það er afar jákvætt þegar berast vel rökstuddar ábendingar eins og hér eru settar fram. Með slíku móti er athygli vakin á atriðum sem iðulega væri annars ekki tekið eftir og er það af hinu góða.

### **2. Fjárhagsleg málefni:**

#### **2.1. Minnisblað frá Menningar- og frístundafulltrúa vegna opnunartíma sundlaugar.**

Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir kostnaði við lengingu opnunartíma sundlaugarinnar í Laugaskarði um helgar yfir sumartímann.

Bæjarráð telur að rýmri opnunartími falli betur að þörfum notenda yfir sumartímann en Sundlaugin í Laugaskarði nýtur mikilla vinsælda og þá ekki síst hjá þeim mikla fjölda ferðamanna sem sækir bæinn heim.

Bæjarráð samþykkir að opnunartími sundlaugarinnar verði með eftirfarandi hætti frá 15.maí – 15. ágúst 2013:

Virka daga frá kl. 7:00 - 20:30

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 10:00 – 19:00

Sá kostnaður sem felst í aukinni opnun mun rúmast innan gildandi fjárhagsáætlunar enda er líklegt að með lengri opnun aukist tekjur.

**3. Starfsmannamál:**

**3.1. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna ráðningar umhverfisfulltrúa**

Í minnisblaði bæjarstjóra er gerð grein fyrir því ferli sem unnið var eftir við ráðningu umhverfisfulltrúa en Capacent var falin umsjón þess. Alls bárust 57 umsóknir og liggja þær fyrir fundinum ásamt ítarlegri greinargerð frá Capacent.

Bæjarráð samþykkir að ráða Kristinn H. Þorsteinsson sem umhverfisfulltrúa. Hann er menntaður garðyrkjufraeðingur með víðtæka reynslu af garðyrkju, skógrækt, landgræðslu og skyldum störfum.

**3.2. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna starfsloka skólustjóra.**

Meðfylgjandi minnisblaðinu er starfslokasamningur sem undirritaður hefur verið með fyrirvara um samþykkt bæjarstjórnar ásamt formlegu uppsagnarbréfi Guðjóns Sigurðssonar. Starfslok Guðjóns munu verða 31. ágúst n.k.

Bæjarráð samþykkir samninginn og vill jafnframt ítreka þakki bæjarstjórnar til Guðjóns fyrir áratuga farsælt samstarf að skólamálum hér í Hveragerði.

**4. Verkfundargerð:**

**4.1. Frárennislagnir Laugaskarði, göngustígur Breiðumörk frá 25. mars 2013.**

Fundargerðin samþykkt.

**5. Fundargerðir til kynningar:**

**5.1. Stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands frá 25. mars 2013.  
Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. frá 26. mars 2013**

**6. Framtíðarsýn og möguleikar, umræður.**

Til fundarins mætti Ingi Þór Jónsson, markaðsstjóri HNLFI. Rætt um framtíðarsýn og möguleika í Hveragerði. Samþykkt að halda umræðum áfram á næsta fundi bæjarráðs.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9:45.

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson , (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)